



# Námskrá leikskólans Sólhvarfa



## Efnisyfirlit

Námskrá leikskóla Kópavogs - Skólanámskrá.....	3
Sýn á nám leikskólabarna.....	3
Perlan .....	5
Hugsmíðahyggja.....	7
Leiðarljós leikskólans .....	8
Virðing .....	8
Sjálfræði.....	8
Virkni .....	9
Lýðræði og jafnrétti .....	10
Leikur og nám .....	11
Námsumhverfi.....	12
Sambætt og skapandi leikskólastarf .....	13
Læsi og samskipti .....	13
Heilbrigði og vellíðan.....	14
Sjálfbærni og vísindi .....	15
Sköpun og menning .....	16
Mat á velferð barna.....	18
Fjölskyldan og leikskólinn .....	19
Aðlögun.....	19
Dagleg samskipti .....	19
Reglubundin samtöl.....	19
Þátttaka foreldra .....	19
Tengsl skólastiga.....	20

Starfsáætlun .....	21
Mat á leikskólastarfi .....	21
Innra mat í leikskólum .....	21
Ytra mat í leikskóla .....	21
Lokaorð .....	22

## Námskrá leikskóla Kópavogs - Skólanámskrá

Námskrá leikskóla Kópavogs byggir á aðalnámskrá leikskóla frá 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerðum fyrir leikskóla.

Á grunni aðalnámskrár og námskrár leikskóla Kópavogs mótar hver leikskóli sína skólanámskrá. Skólanámskrá fjallar um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og þá hugmyndafræði sem tekið er mið af. Í skólanámskrá eiga einnig að koma fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið.

Tilgangur skólanámskrár er:

1. Að skipuleggja uppeldi og nám barna
2. Að stuðla að skilvirkara starfi
3. Að gera leikskólastarfið sýnilegra

### Sýn á nám leikskólabarna

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri hugmyndafræði.

Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga, rita og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast.

Uppeldi og menntun leikskólabarna er samvinnuverkefni allra kennara í leikskóla þar sem velferð og hagur barna á að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði.

Nám í leikskóla er samþætt og fer fram í leik, umönnun, samskiptum, skapandi starfi og hugsun þar sem hverju barni er mætt þar sem það er stött í námi og þroska.

Í leikskólum nota leikskólakennarar öll tækifæri sem gefast til að örva nám barna. Umönnun er stór hluti af leikskólastarfinu og er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust.


Starfshættir leikskóla mótask af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Starf leikskóla Kópavogs byggir á

- lögum um leikskóla,
- aðalnámskrá leikskóla,
- reglugerð um starfsumhverfi leikskóla,
- aldursskiptum námskrám leikskóla Kópavogs ( 1 - 2 ára, 3 - 4 ára, 5 ára börn)
- samþykktum bæjaryfirvalda, Stefnu og framtíðarsýn
- ýmsum stefnumótandi samþykktum - jafnréttisstefnu, umhverfisstefnu, stefnu gegn einelti, forvarnarstefnu Kópavogs.

## Perlan

Leikskólaperlan er líkan af margþættu námi barnsins í leikskólanum.



Í leikskólaperlunni er barnið í brennidepli því að allt leikskólastarfið snýst um barnið, sá flötur er gulur, þ.e. litur sólarinnar. Þeir þættir sem næst barninu eru og unnið er með í daglegu lífi þess í leikskólanum eru: Að klæða sig í og úr, borðhald, svefn og hvíld, hreinlæti, frágangur og snyrtimennska. Litur þeirra er appelsínugulur - tákn sambættingar á námi og lífi barns.

Námssvið leikskólans koma næst: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Litur þeirra er rauður, þ.e. glóðin sem í leikskólastarfinu býr og er uppspretta sambætts og skapandi leikskólastarfs.

Grunnþættir menntunar eins og þeir birtast í sameiginlegum kafla aðalnámskrár fyrir öll skólastig koma í ysta hring. Litur þeirra er grænn, tákn jarðarinnar, grunnurinn sem allt skólastarf byggist á: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Leikurinn umlykur barnið í öllu starfi þess og námi. Grunnlitur perlunnar er ljósblár, þ.e. litur vatnsins. Í því rými flýtur allt það sem tengir hina fjölbreyttu þætti leikskólastarfsins saman, þ.e. samþætting. Leikurinn gárar vatnið og kemur öllu á hreyfingu.

Grunnurinn af Perlunni er unninn af Hrafnhildi Sigurðardóttur, en Perlan svo uppfærð af Sesselju Hauksdóttur í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla 2011

## Hugsmíðahyggja

Á Sólhvörfum er unnið eftir leikskólastefnu í anda hugsmíðahyggju en kjarni þeirrar stefnu er viðurkennandi samskipti, sjálfræði, lýðræðisleg vinnubrögð og jafnrétti.



Í hugsmíðahyggjunni er litið svo á að barnið sé virkur þátttakandi í eigin þekkingarleit. Barnið byggir upp sína eigin þekkingu, færni og viðhorf með því að setja fyrri reynslu í samhengi við það sem það upplifir hér og nú. Það leggur sína merkingu í hlutina og er sífellt að endurskoða skilning sinn á veröldinni. Börn hafa meðfædda tilhneigingu til þess að rannsaka umhverfi sitt, gera tilraunir og leika sér. Drifkraftur námsins er forvitni, áhugi, virkni og gleði.

Rík áhersla er lögð á fjölbreytt, opið og raunverulegt námsumhverfi sem styður við þroska og áhugahvöt barnsins.

Viðurkennandi samskipti eru grundvallaratriði í hugsmíðahyggju. Í því felst að virðing er borin fyrir barninu og bernskunni. Hugmyndir barna eru virtar og kennarar takmarka vald sitt og stýringu.



Rík áhersla er lögð á sjálfshjálp og virka þátttöku barnanna í daglegum athöfnum og leik. Kennarinn lítur á ágreining í barnahópum sem tækifæri til að efla félags- og siðgæðisvitund barnanna og leiðbeina þeim um að finna lausn á vandamálum er koma upp hverju sinni.

Kjarni hugtaksins sjálfræði er sú skynjun barnsins að það hafi ákveðið vald til að taka ákvarðanir um víska þætti í eigin lífi. Sjálfræði byggist upp innra með barninu og einungis í gegnum samvinnu við hina fullorðnu. Barnið þarf að fá tækifæri til þess að æfa sig sjálft og læra af mistökunum. Þegar það finnur að því er treyst tekur það frekar ábyrgð á eigin hegðun. Barnið þróar þannig með sér sjálfstæða dómgreind og siðferðiskennd. Dæmi um sjálfræði er þegar barn fer í vettlinga til þess að verða ekki kalt en ekki vegna kröfu frá kennaranum.

Nám án aðgreiningar er haft að leiðarljósi í leikskólastarfinu. Í því felst að komið er til móts við þarfir sérhvers einstaklings og jafnræðis gætt í starfi með börnunum.



## Leiðarljós leikskólans

Í starfi leikskólans eru hugtökin virðing, sjálfræði og virkni höfð að leiðarljósi. Áhersla er einnig lögð á styrkleika og hæfni hvers einstaklings og litið er á hvert barn sem fullgildan þátttakanda í samfélagi leikskólans.



### Virðing

Virðing gagnvart barninu birtist í því að kennarinn hafi þekkingu á þroskastigi barnsins og virði þær náms- og þroskafarfir sem barnið hefur hverju sinni. Þannig styður kennarinn við þroska og heilbrigði barnsins og hvetur það til virkrar þátttöku í leik og námi svo að það fái notið leikskóladvalar sinnar. Uppeldi barnsins er frumskylda foreldra og er leikskólauppeldi stuðningur við þá frumskyldu. Virðing gagnvart foreldrum birtist í virðingu fyrir margbreytileika, mismunandi fjölskyldugerð og menningarheimum.



### Sjálfræði

Sjálfræði barnsins eflist með viðurkennandi samskiptum á milli barna og kennara. Í þannig samskiptum verður barnið öruggt og tilbúið að fást við ný og krefjandi viðfangsefni. Barnið er hvatt til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum, leik og námi.

Umhverfið er skipulagt með þarfir barnsins í huga og að það geti hjálpað sér sem mest sjálft. Barnið hefur val um viðfangsefni og leikefni sem það

fær tíma til að rannsaka, skoða og velja fyrir sér. Barninu er einnig gefið tækifæri á að leysa úr og ræða ágreiningsmál og reglur í barnahópnum. Kennarinn gefur barninu tækifæri til að læra af mistökum sínum og sigrum og hvetur til samvinnu og samhjálpur í barnahópnum.

## Virgni

Á Sólhvörfum er litið á barnið sem virkan þátttakanda í uppbyggingu eigin þekkingar. Því er mikilvægt að barnið fái ríkuleg tækifæri til að fást við raunveruleg og fjölbreytt viðfangsefni. Leikefni sem barnið hefur aðgang að býður upp á margs konar lausnir og ýtir undir það að barnið rannsaki og ígrundi.



## Lýðræði og jafnrétti

Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu á ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti.



Litið er á börnin sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans. Þau fá tækifæri til að koma að lýðræðislegum ákvörðunum sem varða leikskólastarfið. Börnin eru hvött til að taka virkan þátt í samræðum, hlusta hvert á annað og skiptast á skoðunum. Kennarar hlusta á skoðanir barnanna og leiða umræðurnar áfram með opnum spurningum þar sem svarið krefst íhugunar og örvar gagnrýna hugsun.

Á Sólhvörfum er áhersla lögð á að barnið fái ríkuleg tækifæri á að velja sér leikefni og viðfangsefni sem höfðar til margskonar áhugasviða.

Í hópastarfinu er lögð áhersla á að vinna saman í hópi en jafnframt að tryggj sé að allir fái fjölbreytt verkefni við hæfi sem efla frumkvæði og stuðla að sjálfræði og sjálfstæði barnanna. Þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi.

Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á að þörfum sérhvers einstaklings sé mætt og allir njóti sama réttar, fái sama viðmót, hvatningu og örvun óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum og getu. Með því að stuðla að jafnrétti er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls.



## Leikur og nám



Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi leikskólans. Leikurinn er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Í leik taka börn þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að virða sjónarmið annarra.

Frjálsum leik er gefinn góður tími í dagskipulaginu á Sólhvarfum. Áhersla er lögð á að leikföng og efniviður séu opin og sveigjanleg svo að börnunum gefist tækifæri til að skapa óheft og frjálst. Í leiknum geta börnin unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast þannig nýjan skilning og þekkingu.

Samkvæmt hugsmíðahyggjunni læra börn best með því að framkvæma upp á eigin spýtur, í raunverulegum aðstæðum og með raunverulega hluti. Hlutverk kennarans er mikilvægt í þessu sambandi og felst í því að vera styðjandi við nemendur, hvetja þá og leiðbeina við námið. Kennarinn skal sjá til þess að börnin fái nægan tíma og rými til að leika sér, þróa leikinn og dýpka hann.



## Námsumhverfi

Börn í leikskóla læra bæði innandyra sem og utandyra. Þar gefast fjölbreytt og margvísleg tækifæri til náms. Skipulag og nýting námsumhverfis endurspeglar þau gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu. Leikurinn er aðal náms- og þroskaleið barnsins og því er mjög mikilvægt að skipuleggja leiksvæðin þannig að næði



gefist til leikja. Einnig er mikilvægt að geta breytt leiksvæðum eftir náms-, leik- og þroskaþörfum barnahópsins og því er gott að hafa létt og meðfærileg húsgögn í leikstofunni sem auðvelt er að færa til. Þannig gefast fleiri möguleikar í leik og starfi með börnunum.



Í leiknum byggir barnið upp þekkingu, æfir samskipti og vinnur úr reynslu sinni. Með því að hafa nokkur leiksvæði innan leikstofunnar eflum við sjálfræði barnsins við að velja sér viðfangsefni eftir áhuga hverju sinni og við hverja það leikur. Börnin hafa greiðan aðgang að leikefni og efnivið þannig að þau geti auðveldlega hjálpað sér sjálf og hvert öðru. Kennarar leggja sig fram um að börnin fái krefjandi og skemmtileg viðfangsefni sem reyna á mismunandi færni. Reynt er að hafa leikefnið sem aðgengilegast og sýnilegt börnunum í glærum kössum merkt með myndum og stöfum.



## Sambætt og skapandi leikskólastarf

Börn læra í gegnum leik og daglegt starf innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Náms sviðin eru sambætt og samofin öllu starfi leikskólans.

### Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt (Aðalnámskrá leikskóla 2011/42).



Á Sólhvörfum birtast læsi og samskipti í öllu leikskólastarfi þar sem börnin eru hvött til að tjá sig. Börnin læra að hlusta á hvert annað og kennarann, sýna hvert öðru tillitsemi og þolinmæði. Þannig er grunnurinn lagður að vináttu meðal barnanna. Notaðar eru ýmsar leiðir til tjáningar eins og söngur, leiklist, dans, myndsköpun, samræður og lestur bóka. Einnig er unnið að markvissri málörvun og ritmál er sýnilegt.

Gott dæmi um hvernig læsi og samskipti birtast er í hópastarfinu. Annars vegar er notast við könnunaraðferðina, þar sem eldri börnin vinna að sameiginlegu verkefni, gera hugarkort, miðla af reynslu og skiptast á skoðunum. Hins vegar er könnunarleikurinn, en þar læra yngri börnin t.d. að hjálpast að, skiptast á og leysa úr ágreiningi upp á eigin spýtur.

## Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla er mikilvægt að skapa jákvætt og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Í Sólhvörfum er lögð áhersla á heilbrigðan lífsstíl og mikilvægi holls mataræðis, hvíldar, hreinlætis og hreyfingar. Umhyggja skipar stóran sess í starfi leikskólans en mikið er lagt upp úr traustum og nánum tengslum milli kennara og barna og áhersla lögð á jákvæð samskipti barnanna á milli.



Heilsusamlegur heimilismatur er í fyrirrúmi í leikskólanum. Lögð er áhersla á uppeldis- og félagslegt gildi máltíða og fá börnin nægan tíma til að nærast og eiga samskipti við hvert annað og kennarann.

Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan og í gegnum hana læra börn að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Í Sólhvörfum gefum við börnunum tækifæri til að hreyfa sig á fjölbreyttan hátt í ólíku umhverfi. Markmiðið er að efla grófhreyfingar, úthald, þor, einbeitingu, styrk og liðleika. Börnin taka öll þátt í skipulagðri hreyfingu einu sinni í viku í salnum okkar og elstu börnin fara reglulega í íþróttahúsið Kórin. Lögð er áhersla á daglega útivist á skólalóðinni þar sem börnin fá útrás fyrir hreyfipörf sína í frjálsum leik. Reglulega er farið í skipulagðar vettvangsferðir, ýmist í nærumhverfi skólans eða í lengri ferðir.



## Sjálfbærni og vísindi

Markmið sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli í nútíð og um alla framtíð. Lýðheilsa þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu er hluti af sjálfbærni.

Á Leikskólanum Sólhvörfum hefur ávallt verið lögð rík áhersla á endurvinnslu og að brýna fyrir börnum að ganga vel um umhverfi sitt bæði úti og inni.

Sjálfbærni birtist einnig í áherslum hugsmíðahyggjunnar. Áhersla er lögð á að efla sjálfræði barnsins sem er undirstaða þess að barnið geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir og hafi tamið sér skapandi og lausnamiðaða hugsun.



Skólaárið 2013 - 2014 verður hafin vinna við skrefin sjö í áttina að grænfánanum. Samvinna við foreldra og starfsmenn er undirstaða þess að vel muni takast til í því verkefni. Fyrsta þemað sem skólinn tekur fyrir er úrgangur. Stefnt er að því að leikskólinn Sólhvörf fái viðurkenningu sem skóli á grænni grein árið 2015.



## Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Sköpun í leikskóla beinist fyrst og fremst að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín. Í skipulögðu starfi og leik gefst börnunum tækifæri til að fullnægja sköpunar- og rannsóknarþörf sinni og finna þá gleði sem felst í að vinna við skapandi ferli.



Á Sólhvörfum er lögð áhersla á að efniviður til sköpunar sé fjölbreyttur og aðgengilegur börnunum. Kennarar ýta undir sjálfstæð vinnubrögð og gera barninu kleift að nálgast viðfangsefnið frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Sköpunarverkum barnanna er sýnd virðing og þau eru höfð til sýnis í skólanum. Búningar sem börnin klæðast á öskudegi eru afurðir skapandi ferlis sem byggir fyrst og fremst á frumkvæði og ímyndunarafl barnanna.

Á Sólhvörfum er hefð fyrir daglegum söngstundum á deildum og vikulegum samsöng í sal. Öll börn fara vikulega í skipulagðar tónlistarstundir þar sem þau spila á hljóðfæri, læra nýja söngva og þulur og fara í ýmiskonar söngleiki. Síðasta árið í leikskólanum er börnunum einnig boðið að taka þátt í Sólhvarfakórnum.



Á hverjum degi er lesið fyrir börnin í sögustund. Rík áhersla er á að bjóða upp á fjölbreytt úrval vandaðra barnabókmennta sem eru menntandi og mannþætandi en efla auk þess málvitund og ímyndunarafl. Meðan börnin hvíla sig er algengt að hlustað sé á hljóðbækur með sögum eða leikritum. Sögustundir eru ekki aðeins sóttar innan veggja leikskólans heldur eru farnar ferðir á Bókasafn Kópavogs þar sem bækur eru lesnar fyrir börnin.

Börnunum á Sólhvörfum er gefinn kostur á að njóta fjölbreyttrar menningar og lista með vettvangsferðum á söfn. Hvert tækifæri sem gefst er nýtt til að heimsækja leikhús og einnig hefur foreldrafélagið fengið listafólk til að heimsækja leikskólann með sýningar.

Börnin taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans á ýmsan hátt. Það gera þau í daglegu starfi með því að fá tækifæri til þess að tjá sína upplifun, reynslu og uppgötvanir með fjölbreyttum hætti og líka með því að taka þátt í árlegum leiksýningum og söngskemmtunum.



## Mat á velferð barna

Á Sólhvörfum er lögð áhersla á að meta leikskólastarfið út frá margskonar sjónarhornum til þess að fá sem gleggsta mynd af námi, áhugahvöt og velferð barna.

Mat á vellíðan og námi barna felur í sér að safnað er fjölbreyttum upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á.

Eccers-kvarðinn er lagður fyrir deildarstarfsmenn annað hvert ár. Hann metur faglegt starf og aðbúnað á leikskólum.

Elstu börnin á leikskólanum gera könnun að vori með sjónrænu skipulagi um ýmsa þætti í starfinu, s.s. smíðjum,, hópastarf, myndlist og tónlist.

Allir starfsmenn gera mat á því í hversu miklum samskiptum þeir eru við sérhvert barn á deildinni. Könnunin fer þannig fram að starfsmaðurinn fær blað með skífu sem er með mörgum hringjum hver innan í öðrum. Starfsmaðurinn er í miðjunni og síðan skráir hann nöfn þeirra barna sem hann á oftast í samskiptum við næst sér og fjærst þau börn sem hann á sjaldnast í samskiptum við.

Á deildarfundum fer fram símat um starfið á deildinni og koma allir starfsmenn deildarinnar að því mati.

Á deildarfundum og starfsdögum er farið yfir verkferla og þannig séð til þess að alls staðar sé verið að vinna samkvæmt þeim.

Skimunarprófið HLJÓM-2 er lagt fyrir öll börn á elsta ári til að kanna hljóð- og málvitund.

EFI - 2 er málproskaskimun sem lögð er fyrir börn á fjórða ári í leikskólanum.

Einstaklingsnámskrár eru reglulega endurmetnar og tekið út það sem ekki lengur á við og öðru bætt inn í eftir getu hvers og eins.

## Fjölskyldan og leikskólinn

Góð samskipti við foreldra eru aðaláherslur okkar í foreldrasamstarfi.

Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfsins eru mikilvægir liðir í því að hafa heildarsýn á velferð og líðan barna.

Leikskólakennurum og öðru starfsfólki ber að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning.

### Aðlögun

Við aðlögun barns er lagður hornsteinn að samstarfi foreldra og leikskóla.

Í aðlögunarferlinu er foreldrum kynnt stefna og starfshættir leikskólans og leikskólakennarar fá upplýsingar um barnið og aðstæður þess.

### Dagleg samskipti

Daglegt upplýsingastreymi er mikilvægur þáttur til að stuðla að jákvæðu og traustu sambandi milli foreldra og leikskóla. Mikilvægt er að nýta vel þann tíma þegar foreldrar koma með barnið eða sækja það til að skiptast á upplýsingum. Við hverja deild er upplýsingatafla með almennum upplýsingum. Einnig er upplýsingum miðlað á heimasíðu leikskólans og tölvupóstur sendur til foreldra eftir þörfum.

### Reglubundin samtöl

Boðið er upp á foreldraviðtöl tvisvar sinnum á ári og fleiri ef þurfa þykir. Þá gefst tækifæri til að miðla upplýsingum um þroska barnsins og almenna líðan.

### Þátttaka foreldra

Í leikskólanum gefast ýmis tækifæri til að bjóða foreldrum að koma í leikskólann, t.d. með jólaverkstæði, dömukaffi í tilefni af konudegi og herrakaffi í tilefni af bóndadegi. Einnig eru foreldrar alltaf velkomnir að koma í leikskólann og fylgjast með börnum sínum í starfi og leik.

Í leikskólanum er starfandi foreldrafélag. Verkefni þess er að styðja við starfið í leikskólanum og eru foreldrar hvattir til að taka virkan þátt.

Foreldraráð starfar við leikskólann samkvæmt lögum um leikskóla.

## Tengsl skólastiga

Skólaganga barna á að mynda samfellda heild og þess vegna hafa Vatnsendaskóli og Leikskólinn Sólhvörf myndað með sér samstarf til að stuðla að samfellu í uppeldi og menntun barnanna og til að börnin upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum.

Gagnkvæmar heimsóknir nemenda eru heppileg leið til þess að tengja skólastigin.

Tvær heimsóknir eru skipulagðar yfir veturinn þar sem leikskólakennarar fara með börnunum í Vatnsendaskóla. Jafnframt er ein heimsókn í íþróttahús skólans þar sem börnin fá að fara í íþróttatíma með íþróttakennara Vatnsendaskóla. Börn í fyrsta bekk Vatnsendaskóla koma síðan í heimsókn í gamla leikskólann sinn einu sinni yfir veturinn.

Það hefur einnig skapast sú hefð að tengja hvert leikskólabarn við nemandan í fimmta bekk Vatnsendaskóla og það köllum við skólavini. Hlutverk skólavinar er að fylgjast með yngra barninu í frímínútum og byggja upp tengsl þannig að það geti leitað aðstoðar hjá skólavini ef með þarf.



## Starfsáætlun

Leikskólinn gerir árlega starfsáætlun þar sem starfinu og faglegum áherslum á komandi starfsári er lýst. Í starfsáætlun er einnig umbótaáætlun sem byggð er á mati síðastliðins árs. Foreldraráð ber að vera umsagnaraðili starfsáætlunar og leikskólanefnd staðfestir hana.

## Mat á leikskólastarfi

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annarsvegar er um að ræða mat sem leikskólarnir framkvæma sjálfir og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitafélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

## Innra mat í leikskólum

Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats. Mikilvægt er að mat byggji á þátttöku og samvinnu kennara, foreldra og barna. Í leikskólum Kópavogs er ECCERS-kvarðinn notaður við matið. Hann tekur til allra þátta í leikskólastarfinu. Einnig eru sérstakir listar til að meta samstarf og samskipti alls starfsfólks.

Annað hvert ár meta foreldrar starfsemi leikskólans og er sérstakur listi ætlaður til þess. Niðurstöður gefa kennurum leikskólans góðar vísbendingar um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað mætti betur fara í starfinu.

Í leikskólum Kópavogs meta börnin starfið árlega. Hver leikskóli velur aðferð hverju sinni.

Hver matsaðferð er notuð að minnsta kosti annað hvert ár. Niðurstöður innra mats og umbótaráætlun er birt í starfsáætlun leikskólans.

## Ytra mat í leikskóla

Leikskólanefnd Kópavogs hefur eftirlit með því að starfsemi leikskólans samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Leikskólafulltrúi í umboði leikskólanefndar ber ábyrgð á framkvæmd ytra mats.

## Lokaorð

Þessi námskrá er sú fyrsta í sögu leikskólans Sólhvarfa og tekur hún mið af aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og námskrá leikskóla Kópavogs. Námskráin var unnin á skólaárunum 2011-2014.

Ákveðið var að vinna skólanámskrána í hópavinnu svo allir starfmenn og fulltrúar foreldra kæmu að umræðu og hugmyndavinnu um námskrána. Þessi vinna fór fram á skipulagsdögum leikskólans.

Á þeim tíma sem námskráin var unnin fékk starfsfólk einnig fræðslu um grunnþætti menntunar eins og þeir birtast í aðalnámskrá leikskóla 2011.

Ritnefnd var skipuð skólaárið 2012-2013 og var hennar hlutverk að vinna úr afrakstri hópavinnunnar. Markmiðið var að lýsa á sem skýrastan hátt hvernig grunnþættir menntunar eru útfærðir í faglegu starfi leikskólans Sólhvarfa sem byggir á hugmyndafræði Hugsmíðahyggjunnar.

Námskrá leikskólans Sólhvarfa kemur til að verða endurskoðuð og endurbætt reglulega í samræmi við áherslur og þekkingu á leikskólastarfi.

Bjarney Magnúsdóttir  
Leikskólastjóri